

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hríseyjar.

1. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan setur stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitaveitukerfis. Gjald til hitaveitunnar miðast við hámarksrennsli við stillingu hemils.

2. gr.

Hitaveitan ein má rjúfa innsigli á hemli. Hitaveitan breytir stillingu á hemli eftir óskum húseiganda fyrsta árið sem hús hans er tengt veitunni, en eftir það einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu hafa borist fyrir 1. janúar. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þó aflnotkun verði minni hluta úr árinu. Lægsta stilling á hemli er 1 lítri á mínútu og selt vatnsmagn skal standa á hálfum og heilum lítra á mínútu.

Þar sem vatn er notað til annars en upphitunar húsnæðis og venjulegrar heimilisnotkunar setur hitaveitan upp mæla sem mæla rennsli vatns í rúmmetrum. Hitaveitan kostar og sér um uppsetningu og viðhald mælanna.

3. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

	kr.
1. Fastagjald fyrir hvern hemil á mánuði	645,00
2. Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði	1.610,00
3. Leiga fyrir hvern 3/4" mæli á mánuði	277,00
4. Leiga fyrir hvern 1"-2" mæli á mánuði	623,00
5. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra samkvæmt mæli	77,00

4. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast á skrifstofu Hríseyjarhrepps, í pósthúsum, bönkum eða sparisjóðum. Gjaldldagi er 20. dagur hvers mánaðar og það eru vanskil ef reikningur er ekki greiddur innan 15 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Hríseyjar skal vera sem hér segir:

	kr.
1. Fyrir hús allt að 400 m ³	84.595,00
2. Hús 401-600 m ³ , fyrir hvern m ³ yfir 400 m ³	84,00
3. Fyrir hvern m ³ yfir 600 m ³ hús	69,00
4. Fyrir hvern inntakshemil hitaveitu	23.345,00

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimæðagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður. Þó skal í útreikningi gjalds bæta 20% við það húsnæði sem hitað er og gjald reiknast af, þó ekki eftir að hið upphitaða húsnæði er farið að nema 50% eða meira af byggingunni.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Fyrir öll mannvirki sem bætast við á lóð þar sem áður hefur verið greitt heimtaugagjald skal greiða heimtaugagjald fyrir hið nýja húsnæði í samræmi við þessa grein.

6. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 5. og 9. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu. Heimilt er sveitarstjórn að breyta þeim í samræmi við breytingar sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu ráðuneytisins hverju sinni.

7. gr.

Nú kunna að verða leyfð afnot hitaveitunnar til einhvers sem ekki þykir falla undir 2. gr. og er þá heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki.

8. gr.

Heimæðagjald er gjaldkræft þegar tengingu húss er lokið. Heimilt er að veita gjaldfrest á heimæðagjaldi eða hluta þess.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins til notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Sá sem er í vanskilum greiðir auk vanskilaskulda kr. 900,00 í opnunargjald. Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma sem hitavatnsæðum er lokað vegna vanskila.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá 1. febrúar 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnfram er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 242 4. maí 1988.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. janúar 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um skrá Blönduóssbæjar skv. 3.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Áhaldahús/hitaveita:

Bæjarverkstjóri/veitustjóri

starfshlutfall 100%